

Nr. 5/1893:

Soffía Magnúsdóttir

gegn

konsúl N. Zimsen og sýslumanni
 Franz Siemsen fyrir hönd dánar-
 bús Þorsteins Jónssonar.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem er skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. jan. þ. á., áfrýjar ekkjan Soffía Magnúsdóttir í Holti í Garði úrskurði, kveðnum upp í skiptarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 2. nóv. f. á., en með þeim úrskurði var neitað að taka til greina mótmæli af hálfu nefndrar ekkju gegn skuldakröfu frá konsúl N. Zimsen í Reykjavík í dánarbú manns hennar, Þorsteins heitins Jónssonar, að upphæð 278 kr. 19 a.

Hefur þess verið krafizt af hálfu áfrýjandans, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur, og að stefndi N. Zimsen verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað eptir mati yfirdómsins, en stefndi N. Zimsen hefur aptur á móti krafizt þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandinn skyldaður til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati rjettarins.

Hinn 22. júní 1890 andaðist maður áfrýjanda, tótmhúsmaður Þorsteinn Jónsson í Holti í Garði, og tilkynnti hreppstjórinn í Rosmhvalaneshreppi sýslumanni látið með brjefi, dags. 24. s. m., og skýrði honum frá, að Þorsteinn ljeti eptir sig konu og móður, og að bú hans myndi að ætlun sinni verða vel fyrir skuldum. Það verður eigi sjeð, að sýslumaður hafi látið skrifa upp búíð eða virða það, eða yfir höfuð tekið eigu þess undir umsjón sína, en 5. júlí næst á eptir birt-

ir hann innköllun til skuldheimtumanna búsinis í Ísa-fold. Nokkrum dögum seinna, eða 14. s. m., skrifar ekkja Þorsteins, áfrýjandinn, og móðir hans, Jarðþrúður Björnsdóttir, sýslumanni brjef, og lýsa því yfir sem einustu myndugir erfingjar Þorsteins heitins, að þær hafi afráðið að skipta sjálfar búi hans án ihlutunar skiptaráðanda. Eptir þetta sjest ekki að neitt hafi gjörzt viðvíkjandi búinu fyr en 1. sept. 1892, að sýslumaður heldur skiptafund í búinu, þar sem mæta umboðsmenn af hendi áfrýjanda og skuldheimtumansins konsúls N. Zimsens, hins stefnda í þessu máli, en aðrir mættu þar eigi, og sjerstaklega eigi hinn erfinginn, móðir Þorsteins, eða neinn af hennar hálfu. Á skiptafundi þessum kom fram krafa sú frá stefnda N. Zimsen, er fyr er getið, og var henni mótmælt af áfrýjanda og lögð undir úrskurð skiptaráðanda, er síðan með hinum áfrýjanda úrskurði neitaði að taka mótmælin til greina.

Eins og áður hefur verið tekið fram hafa kona Þorsteins heitins og móðir hans, sem hinir einustu erfingjar Þorsteins heitins Jónssonar, lýst því yfir við skiptaráðanda, að þær vildu sjálfar skipta búi Þorsteins án ihlutunar hins opinbera, og með því að engin vefenging er fram komin í málinu á því, að þær sjeu í raun og veru hinir einu rjettu hlutaðeigendur að búi því, er hjer ræðir um, var það með öllu heimildarlaust af skiptaráðanda að hafa nokkur afskipti af búinu, eins og það lá fyrir, og leggja úrskurð á skuldakröfur í það. Það verður því að dæma hinn áfrýjanda úrskurð ómerk-an með öllu. Málskostnaður virðist eptir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður á ómerkur
að vera. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 15/1893:

Rjettvísinn
gegn
Jóhanni Jónassyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Reykjavíkur 17. jan. p. á. var hinn ákærði, Jóhann Jónasson, tómthúsmaður á Eyrarbakka, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum og varðhaldi hans leiðandi kostnað, en þessum dómi er að ósk hins dómfella skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að í nóvembermán. síðastliðnum, þegar hann var á ferð hjer í bænum og var sendur erindi nokkurt í hús Helga lektors Hálfðánarsonar, stal hann þar í forstofunni, áður en hann gjörði vart við sig, stormhúfu, ullartrefli, ullarvetlingum og skinnhönzku, og tróð hann munum þessum, sem samtals eru virtir á 3 kr., inn undir treyju sína, en þeir voru skömmu eptir teknir af honum meðan hann stóð við inni í húsinu til að þiggja kaffi.

Brot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur saka-
manna og eigi hefur áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot, er af undirdómaranum rjettilega